

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 22. september 2023

Mál nr. E-1174/2023:

Trésmiður ehf.

(Höskuldur Þór Þórhallsson lögmaður)

gegn

Tómasi Halldóri Pajdak

(Kristján Óskar Ásvaldsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta var höfðað 13. apríl 2023 og dómtekið 5. september 2023.

Stefnandi er Trésmiður ehf., kt. 000000-0000, [...], [...].

Stefndi er Tómas Halldór Pajdak, kt. 000000-0000, [...], [...].

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda fjárkröfu að fjárhæð 2.900.000 krónur, ásamt dráttarvöxtum frá 23. september 2022 að telja. Einnig krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda í samræmi við framlagt málskostnaðaryfirlit að teknu tilliti til greiðslu virðisaukaskatts.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda en til vara að hann verði sýknaður að svo stöddu af kröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Málavextir og sönnunarfærsla:

Með tilboði stefnanda til stefnda, dagsettu 16. maí 2022, bauðst stefnandi til þess að vinna að viðgerð á útvegg hússins að [...], Ísafirði, og smíði glugga. Tilboðið hafði Áslaug Jensdóttir, eigandi stefnanda og eiginkona Magnúsar Helga Alfreðssonar húsasmíðameistara, sent í tölvupósti til stefnda þann sama dag. Hljóðar tilboðið upp á 4.700.000 krónur með virðisaukaskatti, sundurliðað í nánar tilgreint efni, 1.500.000 krónur, og vinnu, 3.200.000 krónur. Fram kemur í tilboðinu að miðað sé við að verkið verði unnið í júlí/ágúst 2022, og ef um semjast þurfi stefnandi að fá greidda innborgun, 1.000.000 króna. Í tölvupósti stefnda til stefnanda 17. maí 2022, segir eftirfarandi: „Ég tek þessu og er búinn að millifæra.“

Í tölvupósti stefnanda til stefnda 17. ágúst 2022 kemur fram að vinna við lagfæringar sé langt komin, en u.þ.b. vika eftir í verklok. Í póstinum er einnig vísað til

samskipta sem hefðu átt sér stað á milli aðila, á þann veg að stefndi hafi óskað eftir því að kostnaður við verkið skiptist á milli hans og [C], annars eiganda að húsinu og fyrrverandi eiginkonu stefnda. Í samskiptum málsaðila í tölvupósti árinu áður, eða 7. júní 2021, kvaðst stefndi vera að skilja við eiginkonu sína, [C], og væri að vinna í því að kaupa hana út úr húsinu. Fyrir liggur í gögnum málsins að bú þeirra var tekið til opinberra fjárslita sama dag og fyrrgreint tilboð var sent.

Í tölvupóstinum frá 17. ágúst 2022 bendir stefnandi einnig á að samningsaðili um framkvæmdirnar sé stefndi, og að um sé að ræða atriði sem stefndi verði sjálfur að leysa úr eða með aðstoð lögfræðinga. Af gögnum málsins og skýrslum fyrir dómi er ljóst að fyrrvarsmenn stefnanda ætluðu sér ekki að blandast inn í skilnaðarmál stefnda. Í lok póstins segir: „Reikningarnir verða stílaðir á þig.“

Forsögu samningsins 16. maí 2022 má rekja til samnings frá 16. nóvember 2020, en þá gerðu sömu málsaðilar með sér áþekkan samning um vinnu við húsið að [...], Ísafirði, auk smíði glugga. Nam tilboðsfjárhæð þess samnings 3.300.000 krónum, þar af 1.120.000 krónum fyrir smíði glugga. Gluggarnir voru afhentir stefnda, sem greiddi fyrir með 300.000 króna innborgun í febrúar 2021 og eftirstöðvum, 820.000 krónum í mars 2021. Viðgerð á útvegg fór hins vegar ekki fram, þar sem þá lágu ekki fyrir tilskilin leyfi, svo sem byggingarleyfi eða leyfi Minjastofnunar.

Vegna fyrrgreinds, um að reikningar yrðu einnig gefnir út á fyrrverandi eiginkonu stefnda, leitaði stefnandi eftir því í tölvupósti til skiptastjóra þann 17. ágúst 2022 hvort gefa ætti út reikninga á [C] fyrir helmingi kröfunnar. Í svarpósti skiptastjóra sama dag kemur fram að hún telji að lögmennt stefnda og [C] eigi að útkljá það mál, a.m.k. til að byrja með, og muni hún upplýsa þá um málið. Stefnandi ítrekaði fyrirspurn sína með tölvupósti til skiptastjóra 26. ágúst 2022. Í svarpósti skiptastjóra sama dag kemur fram að eftir því sem fram hefði komið á skiptafundi 25. ágúst 2022 væri ekki ágreiningur milli aðila um að halda áfram með verkið samkvæmt samningi þar um. Kvaðst skiptastjóri áframsenda tölvupóstinn til lögmannna aðila þar sem þeir yrðu beðnir um að útkljá málið. Skiptastjóri ítrekaði í tölvupósti til stefnanda 31. ágúst 2022 að stefnandi ætti að vera í sambandi við lögmennt stefnda og [C] vegna þessa.

Í fundargerð skiptafundar um fjárslitin, frá 25. ágúst 2022, segir m.a.: „Ekki er ágreiningur á milli aðila að viðgerðir á húsinu sem smiðurinn, Magnús Helgi Alfredsson hefur framkvæmt og á eftir að framkvæma (samkvæmt tilboði sem þau samþykktu) skuli

skiptast jafnt á milli aðila og að það verði tekið inn í uppgjör þegar húsið verður selt. Endanlegur kostnaður liggur ekki fyrir.“

Í tölvupósti stefnanda 31. ágúst 2022 til lögmanns stefnda er spurt hvort hann sé með málið á sínu borði. Í svarpósti lögmanns stefnda sama dag er því játað að hann hafi verið að vinna fyrir stefnda en að stefndi muni sjá um samskipti við stefnanda, og hvorki hann né skiptastjóri muni gera neinar ráðstafanir þessu tengt. Stefnandi gaf því næst út reikning þann er mál þetta varðar, dagsettan 31. ágúst 2022, með eindaga 3. október 2022, þar sem stefndi er einn krafinn um greiðslu á 2.900.000 krónum. Ekki er ágreiningur um að reikningurinn barst stefnda 23. september 2022.

Í tölvupósti stefnda til stefnanda 26. september 2022, og á ný 2. október 2022, hafnar hann greiðslu reikningsins á þeim forsendum að hann telji kröfuna ekki réttmæta. Aðallega vísar hann til þess að verkinu sé ekki lokið og ekki hafi verið samið um áfangagreiðslur, auk þess sem fram komi í fundargerð skiptafundar 25. ágúst 2022 að viðgerðir á húsinu skuli skiptast jafnt á milli hans og fyrrverandi eiginkonu hans.

Með innheimtubrési lögmanns stefnanda til stefnda 12. desember 2022 kemur fram að stefnandi hafi sagt sig frá verkinu á grundvelli fyrirsjáanlegra vanefnda stefnda, þar sem stefndi hafi lýst því yfir að hann muni ekki greiða nema hluta þeirrar fjárhæðar sem um hafi samist. Þá hafi skiptastjóri lýst því yfir [munnlega að sögn lögmanns stefnanda] að ekki liggi fyrir samþykki [C] um greiðslu hennar á helmingi skuldarinnar. Fór lögmaður stefnanda fram á það við stefnda að hann greiddi kröfuna innan sjö daga, án dráttarvaxta eða kostnaðar, að öðrum kosti yrðu hafnar innheimtuaðgerðir.

Í svarbrési lögmanns stefnda 29. desember 2022 kemur fram að riftun stefnanda, sem byggi á fyrirsjáanlegum vanskilum, sé ekki réttmæt. Stefndi hafi ekki hafnað því að greiða fyrir verkið heldur einungis óskað eftir því að reikningi yrði skipt, og sé stefndi nú sem áður tilbúinn að greiða alla samningsfjárhæðina við verklok.

Í tölvupósti lögmanns stefnanda 30. desember 2022 til skiptastjóra og lögmanns [C] við fjárslitin er óskað upplýsinga um það hvort [C] muni greiða 50% kröfunnar. Í svarpósti lögmanns [C] 4. febrúar 2023 segir að hann viti ekki til þess að samkomulag liggi fyrir um að hún greiði í þessum framkvæmdum og hljóti stefnandi að gera kröfu á verkkaupa. Ekki liggur fyrir hvort skiptastjóri hafi svarað fyrirspurn lögmanns stefnanda.

Aðilaskýrslur gáfu Áslaug Jensdóttir og Magnús Helgi Alfredsson fyrirvarsmenn stefnanda og stefndi Tómas Halldór Pajdak. Vitnaskýrslu gaf [D], byggingastjóri framkvæmdanna á fasteigninni að [...], Ísafirði.

Málsástæður og lagarök stefnanda:

Stefnandi byggir á því að hann eigi rétt á því að fá greiddar 2.900.000 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 23. september 2022 úr hendi stefnda, fyrir vinnu við endurgerð eða viðgerð á útvegg á suðurhlið [...], Ísafirði, með vísan til almennra reglna sammings- og kröfuréttar. Vinnan hafi verið umbeðin af stefnda og samþykkt af honum. Vinnan hafi sannanlega verið unnin án athugasemda, og eigi stefnandi rétt til greiðslunnar. Byggir stefnandi á því að fjárhæð reikningsins sé eðlilegt endurgjald fyrir þá vinnu sem þegar hafi verið búið að inna af hendi og engar athugasemdir hafi verið gerðar við þá vinnu eða fjárhæð reikningsins af hálfu stefnda.

Stefnandi bendir á að eftir að stefndi lýsti því yfir að hann myndi ekki standa við samninginn og greiða fyrir verkið nema reikningur fyrir helmingi fjárhæðarinnar yrði sendur á eiginkonu hans, sem hann hafi þá staðið í hatrömmum skilnaði við, hafi stefnanda verið nauðugur kostur að hætta vinnu í kjölfarið og krefjast greiðslu fyrir þeim hluta verksins sem þá var lokið. Um hafi verið að ræða einhliða yfirlýsingu stefnda um verulegar fyrirsjáanlegar vanefndir af sinni hálfu. Sé í þessu samhengi bent á að stefndi hafi alfarið séð um sammingsgerð fyrir verkið og stefnandi litið þannig á að hann einn væri verkkaupi. Stefnandi hafi engar ástæður haft til að ætla að eiginkona stefnda ætti að greiða helming reikningsins. Þá hafi það endanlega legið fyrir að tilgangslaust hefði verið að senda reikning á eiginkonuna þegar lögmaður hennar hafi lýst því yfir í tölvupósti 4. febrúar 2023 að ekkert samkomulag væri á milli hennar og stefnda um hlutdeild í reikningnum. Þegar það hafi legið fyrir hafi stefnanda verið heimilt að rifta samningnum. Vanefndin hafi verið veruleg og fyrirsjáanleg af hálfu stefnda. Jafnframt byggir stefnandi á 22. gr. laga um þjónustukaup nr. 42/2000 þar sem fram komi að seljandi eigi rétt á greiðslu fyrir ógallaða vinnu sem hann hafi leyst af hendi komi til riftunar sammings.

Einnig sé byggt á því í málinu að stefndi hafi ekki séð ástæðu til þess að greiða helming reikningsins, sem hann hafi þó lýst yfir að honum bæri að greiða. Einnig hafi hann ekki á neinn hátt brugðist við með því að setja tryggingu eða peningaábyrgð fyrir greiðslu. Stefnandi hafi því mátt líta þannig á að ljóst væri að stefndi ætlaði sér ekki að standa við sinn hluta samkomulagsins, hvort sem [C] yrði sendur reikningur fyrir helming skuldarinnar eða ekki. Frá þeim tíma sem reikningurinn hafi verið gefinn út hafi ekkert bólað á efndum af hálfu stefnda.

Stefnandi byggir mál þetta á meginreglum kröfuréttarins og samningaréttarins, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000, lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup og lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991. Málskostnaðarkrafa stefnanda byggist á XXI. kafla laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir á því að stefnanda hafi borið að ljúka verki sínu í ágúst 2022 til samræmis við samþykkt tilboð. Dráttur á því að ljúka verkinu sé galli samkvæmt 5. og 6. tl. 1. mgr. 9. gr. laga um þjónustukaup nr. 42/2000. Í 5. tl. segi: „Seld þjónusta telst gölluð ef árangur verks eða þjónustu verður minni eða hefur minna notagildi en ella fyrir neytanda eftir að áhætta flyst aftur til hans og rekja má orsök þess til vanrækslu seljanda.“ Í 6. tl. segi: „Seld þjónusta telst gölluð ef seld þjónusta víkur að öðru leyti frá því sem samningur seljanda og neytanda kveður á um.“ Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. sömu laga skal seldri þjónustu vera lokið á þeim tíma sem samið hefur verið um.

Stefndi byggir á því að hann hafi haft heimild til þess að halda eftir greiðslu þar til úrbætur hafi farið fram samkvæmt 3. mgr. 11. gr. laga um þjónustukaup nr. 42/2000, og stefndi hafi komið þeim málsástæðum sínum á framfæri við stefnanda í tölvupósti 2. október 2022. Þar sem verkinu hafi ekki verið lokið á umsömdum tíma hafi stefndi orðið fyrir tjóni, þar sem hann geti ekki nýtt fasteign sína sem skyldi.

Stefndi byggir einnig á því að stefnandi hafi ekki haft heimild til þess að krefjast áfangagreiðslna umfram það sem fram komi í samningi aðila og stefnda beri ekki að greiða fyrir þjónustu stefnanda fyrr en við verklok. Samningur aðila hafi verið saminn einhliða af stefnanda, sem atvinnu hafi af þjónustu sinni. Beri stefnandi því hallann af óskýru orðalagi samningsins um gjalddaga.

Stefndi bendir á að inni á vefsíðunni island.is sé fjallað um réttindi neytenda við kaup á þjónustu en þar segi: „Ekki greiða fyrir þjónustu fyrr en verkinu er lokið og gengið hefur verið úr skugga um að það sé unnið sem ætlast var til.“ Þau sjónarmið komi fram í meginreglum kröfuréttar, m.a. í 49. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, að verði greiðslutími ekki leiddur af samningi skuli kaupandi ekki greiða kaupverðið fyrr en hluturinn sé afhentur honum. Kaupandi skal hafa rétt samkvæmt 2. mgr. 49. gr. til þess að skoða hlutinn fyrir kaup, m.a. að meta gæði hans og tryggja efndir. Sambærilegar reglur gildi um fasteignakaup. Í frumvarpi til laga nr. 42/2000 um þjónustukaup segi að

oft sé stuðst við ákvæði laga sem gildi um kaup á vöru þegar leyst sé úr réttarágreiningu um þjónustukaup. Þá hafi í dómaframkvæmd verið stuðst við ákvæði laga um lausafjárkaup vegna ágreinings um þjónustukaup.

Í stefnu málsins byggir stefnandi mál sitt á því að honum hafi verið heimilt að rifta samningi vegna meintra fyrirsjáanlegra vanefnda stefnda. Slík ákvæði komi ekki fram í lögum um þjónustukaup, heldur í 61. og 62. gr. laga um lausafjárkaup nr. 50/2000. Stefndi byggir á því að enn sé í gildi samningur milli aðila sem stefnanda beri að efna. Sú skylda hafi ekki hvílt á stefnda að greiða fyrir þjónustu stefnanda fyrir en við verklok. Einkum sé haft til hliðsjónar að verkinu hafi ekki verið áætlaður langur verktími, eða um tveir mánuðir og stefnandi hafði þegar fengið umsamda fyrirframgreiðslu fyrir verk sitt. Þá hafi stefndi átt rétt á því að halda eftir greiðslu vegna vanefnda stefnanda á verklokum. Af því leiði að stefnandi hafði að lögum ekki heimild til þess að rifta samningnum og að krefjast greiðslu. Viðleitni stefnda til þess að leysa málið með tilboði um greiðslu gegn því að sameigandi hans að húsinu yrði einnig krafín um greiðslu breyti þar engu um. Stefndi hafi aldrei hafnað greiðslu samkvæmt samningi aðila, þótt hann hafi mótmælt greiðslu að svo stöddu. Með bréfi lögmanns stefnda 29. desember 2022 hafi verið áréttað að stefndi væri tilbúinn til þess að fallast á að greiða alla samningsgreiðsluna við verklok. Þá hafi stefnandi engar ástæður haft til þess að ætla að stefndi væri fjárhagslega ekki í stakk búinn til þess að greiða skuldbindingar sínar.

Stefndi bendir á að það sé meginregla í íslenskum rétti að kröfuhafi eigi rétt á því að fá efndir kröfu sinnar í samræmi við aðalefni samnings, efndir in natura. Í samræmi við almennar reglur geti verkkaupi fengið dóm fyrir því að verktaki leysi verk sitt af hendi. Hefji verktaki ekki framkvæmdir á umsömdum tíma, stöðvi hann verk sitt án nægrar ástæðu eða skili því ekki á réttum tíma geti verkkaupi fengið dóm um efndir in natura, og sé í dómi unnt að tiltaka ákveðinn frest í því sambandi að viðlögðum dagsektum. Stefndi telur jafnframt að reikningurinn sé of hár fyrir þá vinnu sem unnin hafi verið af samningi aðila, auk þess sem stefndi mótmæli kröfu um dráttarvexti frá 31. ágúst 2022 þar sem reikningur hafi ekki verið sendur honum fyrir en 23. september 2022.

Stefndi byggir mál sitt á almennum reglum samninga- og kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga og lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Krafa um málskostnað byggist á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 1. mgr. 130. gr.

Forsendur og niðurstaða:

Ágreiningslaust er að samningur að fjárhæð 4.700.000 króna hafi komist á um að stefnandi kæmi að öflun efnis og vinnu við einn vegg hússins að [...] á Ísafirði, með fullum frágangi að utan og innan.

Í aðilaskýrslum stefnanda fyrir dómi kom fram að vinnu við frágang á ytra byrði útveggjar væri lokið. Í skýrslu byggingastjóra verksins kom fram að hann hefði tekið út þann hluta sem hefði verið til sóma. Stefnandi ætlar að sá hluti verksins nemi u.þ.b. 80%, en um 20% hafi verið ólokið vegna klæðningar á panel innanhúss. Umþrættur reikningur málsins að fjárhæð 2.900.000 krónur, miði við þá skiptingu að teknu tilliti til innborgunar að fjárhæð 1.000.000 króna.

Stefndi staðfesti í sinni skýrslu fyrir dómi að frágangi á ytra byrði útveggjar hafi verið lokið og að hann hafi ekki gert neinar athugasemdir við þann hluta verksins. Þá er ekki á því byggt af hálfu stefnda að greind hlutföll séu á einhvern hátt röng. Stefndi byggir hins vegar á því að stefnanda hafi verið óheimilt að gefa út sérstakan reikning fyrir því sem lokið var, og þar sem verkinu sé ekki að fullu lokið sé um galla að ræða, sbr. 5. og 6. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Ætla verður að verkið hafi hafist á umsömdum tíma í júlí 2022 og hafi miðað samkvæmt áætlun, og að samskipti málsaðila hafi verið með ágætum allt fram í miðjan ágúst 2022 eða þar til umræða verður um greiðslu. Ágreiningslaust virðist að á þeim tíma hafi einungis nokkrir dagar verið eftir í verklok, og verkinu hafi því verið lokið að stórum hluta. Stefndi ber að stefnandi hafi þá krafist áfangagreiðslu, sem hann hafi ekki verið tilbúinn að greiða, enda sé hennar ekki getið í samningi aðila, en hafi á móti sett fram tillögu til lausnar á þann veg að stefnandi gæfi út reikning fyrir hluta kröfunnar á hendur fyrrverandi eiginkonu hans. Rúmu ári áður hafði stefndi upplýst stefnanda um það að hann væri að skilja við eiginkonu sína og væri að vinna í því að kaupa hana út úr húsinu. Um skilnað stefnda verður af gögnum málsins ráðið að á ýmsu hafi gengið, og bar stefndi að erfitt væri fyrir hann að innheimta kröfuna hjá konunni. Stefnandi bar að hafa ekki viljað blandast inn í skilnaðarmál stefnda með neinum hætti, en hafi þó leitað eftir því til skiptastjóra opinberra fjárslita, og lögmanna aðila, hvort honum bæri að gefa út reikning fyrir hluta verksins á hendur konunni. Af gögnum málsins verður ráðið að skiptastjóri hafi ávallt vísað stefnanda á að ræða við lögmenn aðila, og að í þeim samskiptum hafi stefnandi ekki fengið nein loforð fyrir því að konan greiddi hluta reikningsins. Stefnandi hafi því gefið út umþrættan reikning málsins á hendur stefnda fyrir því sem lokið var.

Aðilar að samningnum 16. maí 2022 eru stefnandi og stefndi, og komst samningurinn á þann 17. maí 2022 með tölvupósti stefnda: „Ég tek þessu og er búinn að millifæra.“ Ekkert gefur til kynna að fyrrverandi eiginkona stefnda hafi verið nefnd í því sambandi eða að hún hafi komið að verkinu með einhverjum hætti, auk þess sem fyrir liggur að bú aðilanna var tekið til opinberra fjárslita 16. maí 2022 eða degi áður en samningurinn komst á. Stefndi bar fyrir dómi að hann hafi auðvitað verið verkkaupinn, hann hafi samið við stefnanda og að nafn hans ætti að koma fram á reikningnum þegar verkið yrði klárað, en hann taldi jafnframt að hann ætti rétt á greiðslu úr hendi konunnar síðar.

Þrátt fyrir það sem stefndi bar fyrir dómi um greiðsluskyldu sína gagnvart stefnanda, er ljóst af gögnum málsins, m.a. tölvupósti 26. september 2022 og 2. október 2022, að höfnun stefnda á greiðslu hafi, auk tilvísunar til verkloka og áfangagreiðslu, byggt á því að fyrrverandi eiginkona hans ætti að greiða helming og að stefnanda hafi borið að ganga eftir greiðslu hjá henni. Virðist stefndi ekki hafa fallið frá þeirri höfnun, byggð á aðkomu fyrrverandi eiginkonu hans, fyrr en þá með bréfi lögmanns hans 29. desember 2022, sem barst sem svar við bréfi lögmanns stefnanda 12. desember 2022, þar sem stefnandi sagði sig frá verkinu á grundvelli fyrirsjáanlegra vanefnda stefnda.

Málsaðilar byggja málið á almennum reglum samninga- og kröfuréttar, lögum nr. 42/2000 um þjónustukaup og lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Um fyrrgreinda fyrirsjáanlega vanefnd þykir því mega horfa til ákvæða 61. gr. og 62. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, á þann veg að stefnandi hafði réttmæta ástæðu til að ætla að til vanefndar á samningnum myndi koma af hálfu stefnda, einnig á þeim hluta hans sem var ólokið, en stefndi þó ætlast til fullra efnda stefnanda um þann hluta. Stefnanda hafi við svo búið ekki verið skylt að halda verkinu áfram eða ljúka því, og sé því ekki um vanefnd stefnanda á samningnum að ræða. Yfirlýsing þess efnis að stefnandi hafi sagt sig frá verkinu jafngildir riftun sammingsins og hafi fyrirsjáanleg vanefnd stefnda verið veruleg. Um uppgjör sammingsins má að öðru leyti líta til ákvæða 22. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup, að komi til riftunar geti stefnandi krafist greiðslu fyrir þann hluta verksins sem hafi verið unninn, enda sé um ógallaða vinnu að ræða.

Líkt og rakið hefur verið er því ekki borið við af hálfu stefnda að sá hluti verksins sem var unninn, sé gallaður. Þá hefur með engum hætti verið sýnt fram á að fjárhæð reikningsins sé of há miðað við þann hluta verksins sem var unninn, eða er því borið við af hálfu stefnda að fjárhæðin sé ósanngjörn.

Samkvæmt öllu framangreindu var stefnanda heimilt að rifta samningi aðila um ólokinn hluta hans og krefjast greiðslu fyrir þann hluta sem lokið var. Ákvæði 5. og 6. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup, um galla á verki þar sem því sé ekki lokið, geta því ekki komið til álita. Með sama hætti geta ákvæði 49. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, um að ekki beri að greiða fyrir verk fyrr en því sé lokið, ekki heldur komið til álita.

Með vísan til alls framangreinds er ekki fallist á aðalkröfu stefnda um sýknu eða varakröfu um sýknu að svo stöddu. Verður stefnda því gert að greiða stefnanda umkrafða stefnufjárhæð, með þeim hætti sem nánar getur um í dómsorði, en fram er komið að málsaðilar eru sammála því að dráttarvaxtakrafa stefnanda geti fyrst komið til álita frá 23. september 2022 að telja, þegar stefnda barst reikningur stefnanda.

Samkvæmt niðurstöðu málsins, og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað eins og í dómsorði greinir að meðtöldum virðisaukaskatti.

Bogi Hjálmtýsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Tómas Halldór Pajdak, greiði stefnanda, Trésmið ehf., 2.900.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 23. september 2022 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 1.736.000 krónur í málskostnað.

Bogi Hjálmtýsson